

Mosfellsbær – Fræðslu- og frístundasvið

Skóladagatöl

Skóladagatöl leik-, grunn- og tónlistarskóla eru hluti af starfsáætlun skólans fyrir hvert skólaár. Í skóladagatalinu kemur fram hvernig skóladagar skólaársins eru nýttir. Skóladagatalið er gefið út fyrir lok febrúar ár hvert. Skóladagatöl í Mosfellsbæ eru samræmd á milli skólastiga og skóla hvað varðar:

1. Í öllum grunnskólum eru samræmdir vetraleyfis dagar sem ákveðnir eru af fræðslu- og frístundasviði
2. Í öllum skólum er einn sameiginlegur starfdagur/fræðsludagur í september/október sem ákveðinn er af fræðslu- og frístundasviði
3. Starfstími sumarleikskóla er ákveðinn af fræðslu- og frístundasviði. Sumarleikskólinn varir í fjórar vikur og síðasti starfsdagur hans er föstudagur fyrir verslunarmannahelgi.
4. Samþættir leik- og grunnskólar með 200 grunnskóladaga samhæfa skóladagatöl með tilliti til lengd skólaárs, skóladagatal leikskóla, fræðsludags, starfsdaga og vetrarleyfa.
5. Listaskólinn (tónlistardeild og skólahljómsveit) samhæfir skóladagatöl miðað við grunnskóla.

Í undantekningartilfellum eru skóladagatöl einstaka skóla ekki samræmd. Helstu ástæður þess eru óskir skólastjórnenda um undanþágu vegna sérstakra aðstæðna á skólaárinu eins og námsferða eða námskeiða.

Lög um grunnskóla 91/2008

28. gr. Starfstími.

Starfstími nemenda í grunnskóla skal á hverju skólaári vera að **lágmarki níu mánuðir**. Skóladagar nemenda skulu **eigi vera færri en 180**. Skipting milli kennsludaga og annarra skóladaga nemenda er á ábyrgð skólastjóra að höfðu samráði við skólaráð og að fenginni staðfestingu skólanefndar.

Vikulegur kennslutími hvers nemanda í grunnskóla skal að lágmarki vera:

- a. 1.200 mínútur í 1.–4. bekk,
- b. 1.400 mínútur í 5.–7. bekk,
- c. 1.480 mínútur í 8.–10. bekk.

Skólastjóri ákveður nánari útfærslu vikulegs kennslutíma í samráði við skólaráð, svo og nánari útfærslu á samþættingu skóla og frístundastarfs ef um slíkt er að ræða. Við ákvörðun daglegs og vikulegs starfstíma nemenda í grunnskóla skal þess gætt að hann sé samfelldur með eðlilegum hléum og fari ekki fram yfir hæfilegt vinnuálag miðað við aldur nemenda og þroska.

Heimilt er að víkja frá vikulegum lágmarkskennslutíma skv. 2. mgr. tímabundið, en nemendum skal þá tryggð viðbótarkennsla sem nemur frávikinu innan sama skólaárs.

Sveitarstjórnnum er heimilt að samræma tiltekna leyfis daga innan skólaársins fyrir alla skóla í sveitarfélaginu, að höfðu samráði við hagsmunaaðila

29. gr. Skólanámskrá og starfsáætlun.

Í hverjum grunnskóla skal gefa út skólanámskrá og starfsáætlun. Skólastjóri er ábyrgur fyrir gerð þeirra og skal semja þær í samráði við kennara. Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti og mat á árangri og gæðum skólastarfs. Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu grunnskóla og aðstæðum og skal endurskoða reglulega. **Í árlegri starfsáætlun er m.a. gerð grein fyrir skóladagatali, þ.m.t. lengd jólaeyfis, páskaleyfis og annarra vetrarleyfa, starfsáætlun nemenda, skólareglum, stoðþjónustu, félagslífi og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert.** Starfsáætlun skóla skal árlega lögð fyrir skólanefnd/fræðslunefnd til grunnstaðfestingar sem staðfestir gildistöku hennar þegar ljóst er að hún hafi verið unnin í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá, kjarasamninga og ákvarðanir sveitarstjórnar um fyrirkomulag skólahalds.

Skólastjóri er ábyrgur fyrir útfærslu þessara ákvæða og einnig fyrir umfjöllun í skólanum og í skólaráði og að gera skólanefnd/fræðslunefnd grein fyrir því með hvaða hætti áætlanir hafi staðist. Starfsáætlun og skólanámskrá skulu vera aðgengilegar öllum aðilum skólasamfélagsins.

Lög um leikskóla 90/2008

14. gr. Skólanámskrá og starfsáætlun.

Í hverjum leikskóla skal gefa út skólanámskrá og er leikskólastjóri ábyrgur fyrir gerð hennar. Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá leikskóla og felur í sér uppeldis- og námsáætlun leikskóla þar sem markmið eru sett og skilgreindar leiðir að þeim markmiðum. Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu skóla og skóla/menntastefnu viðkomandi sveitarfélags. Skólanámskrá skal endurskoða reglulega.

Leikskólastjóri gefur árlega út sérstaka starfsáætlun. Í starfsáætlun er gerð grein fyrir árlegri starfsemi leikskóla, svo sem skóladagatali og öðru því sem varðar starfsemi leikskólans. Skólanámskrá og starfsáætlun skulu staðfestar af skóla/fræðslunefnd skv. 2. mgr. 4. gr., að fenginni umsögn foreldraráðs og skulu þær kynntar foreldrum.

Kjarasamningar félags tónlistarkennara og félags íslenskra hljómlistarmanna

Grein 2.1.5 Árlegur starfstími tónlistarskóla

Skóladagar nemenda skulu vera á tímabilinu 20. ágúst til 5. júní og skal starfstíminn aðlagður starfstíma grunnskóla á sama svæði þannig að frávik nemi ekki meira en tveimur vikum. Tónlistarskólum er heimilt að taka upp vetrarleyfi nemenda og sveigjanlegt upphaf og lok skólastarfs með samþykki fræðslufirvalda hlutaðeigandi sveitarfélags. Skólastarf skal þó ekki hefjast fyrr en 15. ágúst og ljúka ekki síðar en 15. júní.

Fræðslunefnd Mosfellsbæjar

Á 195. fundi Fræðslunefndar Mosfellsbæjar var bókað: *Fræðslunefnd hvetur leik- og grunnskóla Mosfellsbæjar til þess að eiga samstarf um skóladagatal eftir hverfum.*

Með breytingum á grunnskólalögum frá 2011 kom inn heimild sveitarstjórna til að samræma leyfisdaga fyrir alla skóla í sveitarfélaginu að höfðu samráði við hagaðila. Ákvörðun um skipulagsdaga/starfsdaga

eru á hendi skólastjóra en sveitarstjórn getur, sem ábyrgðaraðili skólahalds í sveitarfélaginu og í krafti yfirstjórnunarheimilda sinna beint tilmælum til skólastjórnenda að samræma skóladagatal innan sveitarfélagsins. Skólastjórnendum ber að hafa slík tilmæli til hliðsjónar við ákvörðun um skipulagsdaga/starfsdaga. Eðlilegt er að sveitarstjórn taki mið af þeirri málsmeðferð sem lög um grunnskóla gera ráð fyrir við ákvörðunartöku sem þessa og að gætt sé lögbundins samráðs við hagsmunaaðila skólasamfélagsins.

Verkferill við gerð skóladagatala

Fræðslu- og frístundasvið -

- Fræðslu- og frístundasvið gefur út dagsetningar fyrir skólabyrjun, skólalok, vetrarfrí og sameiginlegan fræðsludag allra skólastiga í samræmi við lög og reglur og tilmæli sveitarstjórnar. Hafa bera í huga að skólaár grunnskóla er mismunandi að lengd eftir skólum en lögð er áhersla á að samræma eins og kostur er upphaf og lok skóla, vetrarfrí og sameiginlega starfsdaga.
- Framkvæmdastjóri fræðslu- og frístundasviðs boðar skólastjóra leik- og grunnskóla á fund til að ræða og setja niður sameiginlegar áherslur skóladagatalsins innan lagaramma, ramma sveitarfélagsins og starfsumhverfi skólanna. Skóladagatalið er einnig skoðað út frá föstum frídögum og samfellu á milli skóla og skólastiga.

Grunnskólar

- Skólastjórar samræma skóladagatölin miðað við sambærilega grunnskóla og leikskóla í hverfinu.
- Drög að skóladagatali lögð fyrir kennarafund skóla. Fundurinn getur lagt til breytingar en endanleg ákvörðun liggur hjá skólastjóra.
- Drög að skóladagatali eru lögð fyrir skólaráð til umsagnar en þar sitja: fulltrúar kennara, annarra starfsmanna, foreldra, grenndarsamfélagsins og nemenda.
- Skólastjórar samræma skóladagatölin milli grunnskóla með tilliti til athugasemda sem hafa komið fram á kennarafundi og frá skólaráði.
- Fundur framkvæmdastjóra og skólastjórnenda, farið yfir drögin að skóladagatölum og þær athugasemdir sem hafa borist. Ef til meiriháttar breytinga kemur er sá möguleiki fyrir hendi að leggja skóladagatöl aftur fyrir kennarafund og skólaráð.

Leikskólar

- Skólastjórar samræma skóladagatölin miðað við sambærilega grunnskóla og leikskóla í hverfinu.
- Drög að skóladagatali eru lögð fyrir foreldraráð til umsagnar.
- Skólastjórar hafa samráð við skólastjóra grunnskóla í hverfinu vegna samræmingar skóladagatala.
- Fundur framkvæmdastjóra og skólastjórnenda, farið yfir drögin að skóladagatölum. Ef til meiriháttar breytinga kemur er sá möguleiki fyrir hendi að leggja skóladagatal aftur fyrir foreldaráð.

Listaskólinn (tónlistardeild og skólahljómsveit)

- Skólastjóri samræmir skóladagatalið miðað við grunnskóla.
- Drög að skóladagatali lögð fyrir kennarafund skóla. Fundurinn getur lagt til breytingar en endanleg ákvörðun liggur hjá skólastjóra.
- Fundur framkvæmdstjóra og skólastjórnenda, farið yfir drögin að skóladagatölum. Ef til meiriháttar breytinga kemur er sá möguleiki fyrir hendi að leggja skóladagatöl aftur fyrir kennarafund og foreldaráð.

Fræðslu- og frístundasvið

- Fræðslu- og frístundasvið fer yfir öll skóladagatöl með tilliti til lagaramma, áherslna sveitarfélagsins og starfsumhverfis skólanna. Skóladagatalið er einnig skoðað út frá föstum frídögum og samfellu á milli skóla og skólastiga.
- Framkvæmdastjóri fræðslu- og frístundasviðs boðar skólastjóra leik- og grunnskóla og Listaskóla á fund til að kynna lokadrög að skóladagatölum áður en þau eru lögð fyrir Fræðslunefnd Mosfellsbæjar.

Fræðslunefnd Mosfellsbæjar - janúar/febrúar

3. Skóladagatöl lögð fram til staðfestingar í fræðslunefnd.
4. Fundargerð Fræðslunefndar Mosfellsbæjar lögð fram í bæjarstjórn til samþykktar.

Kynningar á samþykktum skóladagatölum - mars

5. Fræðslu- og frístundasvið og skólar í Mosfellsbæ kynna skóladagatöl fyrir hagaðilum og setja á heimasíður skóla.